



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2014
1401328/0.1.2/hp

223. mál


Efni: Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp um breytingu á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum (reglugerðarheimild, EES-reglur).

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum (reglugerðarheimild, EES-reglur).

Embættið gerir ekki athugasemdir við breytingarnar þar sem lögð er til innleiðing á tilskipun 2010/53/ESB, um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu. Embættið vill í því sambandi ítreka það sem kemur fram í fylgiskjali með frumvarpinu, að samtímis innleiðingunni þarf að þróa miðlægan gagnagrunn sem móttekur og geymir upplýsingar úr rafrænni sjúkraskrá Landspítalans svo unnt sé að halda skrá yfir eins marga þætti og mögulegt er varðandi líffæragjafann og líffærið sjálft.

Það skal tekið fram að verkefni líffæraígræðslunefndar hefur verið flutt frá velferðarráðuneytinu til Embættis landlæknis. Embættið sinnir því skilgreindum verkefnum hvað varðar málefni líffæragjafa og líffæraígræðslu.

Virðingarfyllst,


Jörlaug Heimisdóttir,
verkefnisstjóri
Svið eftirlits og gæða